

ORKUÞÖRF SNJÓBRÆDSLUNNAR

Snjóbrædd svæði eru samtals 168 m² að stærð, en það útheimtir 168 m² x 230 w/m² = 38,640 wött.

Reiknað er með því að til upphitunar byggingarinnar þurfi um 87,000 wött en það þýðir að frá bakrás byggingarinnar má búast við að fá um 0,83 l/s af 35 °C heitu vatni miðað við það að framrásin sé 60 °C og bakrásin 35 °C. Við útreikning á afkastagetu snjóbræðslunnar er hins vegar einungis gert ráð fyrir að um 75% af orkuþörf hússins skili sér í raun til snjóbræðslunnar. Miðað við að nýta bakrásarvatnið frá 35°C niður í 20 °C fást 0,75x0,83x4.186x15 = 39.087 wött til snjóbræðslunnar. Undir eðlilegum kringumstæðum ætti því ekki að vera þörf á neinni innspýtingu.

Tengigrind snjóbræðslu er staðsett í inntaksklefa sem og dreifkistur. Á bakrás snjóbræðslulagna skal komið fyrir hitamælum og stopplökum og á framrás komi stillilokar/stillitil til þrýstistýringar.

Dæla á bakrás snjóbræðslu

Þriggja hraða með afköstin 1,0 l/s við 2,2 mVs. T.d. Grundfos UPS 25-50 eða sambærilegt. Dælan skal vera með sjálfvirkri lofttæmingu og frostvörn sem drepur á dælu.

Varmaslöngur


Varmaslöngur skulu vera Rb vottaðar úr hitaþolnu plasti ø25 mm (utanmál) sérstaklega framleiddar til notkunar í snjóbræðslukerfum. Lagnir skulu þola a.m.k. 10 bara þrýsting við 60°C miðað við 50 ára endingartíma. Slöngur skulu lagðar með 250 mm millibili á vel þjappað undirlag og fyllt yfir með sandi. Fjarlægðarstykki skal setja við allar beygjur og með 5 m millibili á beinum lögnum. Þar sem lagnir liggja í gegnum steipta veggja eða plötur skal setja PEH hlífðarrör utan um rör. Ekki er leyfilegt að keyra yfir rörin nema á þeim sé vatns- eða loftþrýstingur.

Stýring


Bakrásarvatni er alltaf dælt í gegnum snjóbræðslu en innspýtingu stýrt með hitastilli.

Kerfið keyrir alltaf með aðstoð dælu, en innspýtingu á 75°C heitu vatni er stjórnað með t.d. Danfoss AVTB hitastilli eða sambærilegu. AVTB – lokinn skynjar bakrásarhita snjóbræðslu og heldur honum í ákveðnu hitastigi með því að minnka eða auka við innspýtingu. Lokinn opnar þegar bakrásarhiti fer undir 15°C.


DÆMIGERT SNIÐ Í SNJÓBRÆDSLUNDIR HELLUM, M1:10



DÆMIGERT SNIÐ Í SNJÓBRÆDSLUNDIR MALBIK, M1:10




DÆMIGERT SNIÐ Í SNJÓBRÆDSLUNDIR STEYPTUM PLÖNUM, M1:10




SNID, M 1:20

STAÐSETNING SNJÓBRÆDSLURÖRA Í STEYPTUM TRÖPPUM



SKEMATÍSK MYND AF TENGINGU SNJÓBRÆDSLUNDIR TENGIGRIND



- ⊗ Renniloki
- ⊗ Einstreymistoki
- ⊗ Hemill
- ⊗ Mælir
- ⊗ Þrýstimælir
- ⊗ Hitamælir
- ⊗ Sía
- ⊗ Sjálfvirk útlöftun
- ⊗ Tæmingarkrani
- ⊗ Hringrásardæla

Sambýkkt þann
16. DES. 2003
Byggingafulltrúinn í Hálfgröf
Eh. Sigurbjartur Halldórsson

Móttekið: **ISK**
Samb.: 16-12-03
MELOI

NR	DAGS	BREYTING	SAMB.
FERILL			
LEIKSKÓLI - ÁSBRAUT 4			
SNJÓBRÆDSLUNDIR ALMENNAR SKÝRINGAR SÉRMYNDIR			
MKV 1:10, 1:20	TEIKN 12.12.03	DAGS ÚTG. 12.12.03	TEIKN NÚMÉR 955-6-01
ÁRITUNARMAÐUR HONNUÐUR BREYTINGAR	KT DAGS BREYTINGAR	SAMBÝKKT BREYTING NR	